



## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### *Efni: Beiðni um opnun ungbarnaeildar í Barnaheimilinu Ósi*

Fyrir liggur beiðni frá Barnaheimilinu Ósi um breytta samsetningu á barnahópnum í leikskólanum og um að bæta við ungbarnaeild.

Núverandi rekstrarleyfi leikskólans gerir ráð fyrir 48 börnum á aldrinum 18 mánaða til 6 ára. Greitt var framlag vegna 35 reykvískra barna í febrúar 2019.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 11. desember 2018 og í borgarráði þann 10. janúar 2019 var samþykkt tillaga varðandi ungbarnaeildir í sjálfstætt reknum leikskólum: [https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44.\\_sfs\\_ungbarnaeildir.pdf](https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/44._sfs_ungbarnaeildir.pdf)

Umbeðin breyting uppfyllir það skilyrði framangreindrar samþykkrar tillögu að nýting á plássum samkvæmt rekstrarleyfi eykst að lágmarki um sem nemur 2/3 þeirra barna sem áætluð eru á ungbarnaeildina.

Af hálfu skóla- og frístundasviðs er ekki gerð athugasemd við að rekstrarleyfi verði breytt með þeim hætti að Barnaheimilinu Ós verði heimilað að vera með 48 börn á aldrinum 18 mánaða til 6 ára, þar af 7 börn á aldrinum 12 til 18 mánaða.